

Svar

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Indriða Inga Stefánssyni um samskipti við heilbrigðisstarfsfólk.

1. *Hefur verið kannað hversu oft sjúklingur hefur ekki getað greint frá einkennum sínum í samskiptum við heilbrigðisstarfsfólk? Ef svo er, hvað leiddi könnunin í ljós? Ef svo er ekki, kæmi til greina að kanna hversu oft slíkt gerist?*

Nei, slíkt hefur ekki verið kannað. Óvíst er hvernig þess konar könnun ætti að fara fram á samskiptum sem heilbrigðisstarfsmenn eiga við notendur þjónustunnar og skipta þúsundum. Allir sjúklingar, sem eru ekki færir um að nota tungumál sem þjónustuveitandi skilur eða talar, eiga rétt á túlki þeim að kostnaðarlausu.

2. *Kæmi til greina að útbúa íslenska þýðingu á orðum og hugtökum er snerta algenga verki, líkt og finna má á síðunni sayyourpain.com þar sem sjúklingar geta valið tungumál og bent á hvað amar að þeim?*

Í fyrirspurninni er vísað til almennra og algengra orða sem túlkur ætti auðvelt með að þýða.